

G J A L D S K R Á

fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

a) Skráning	kr. 15.547
b) Skráning eftir útrunnin frest*1)	kr. 26.832
c) Bráðabirgðaskráning	kr. 3.612

1) Samanber 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald.

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr. 25.284
------------------	------------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr.

3. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattarhald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009.

Við umsókn um skráningu kattar er innheimt gjald að upphæð kr. 3.148.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 21.352
Önnur afhending, innan tveggja mánaða	kr. 30.134
Þriðja afhending, innan tveggja mánaða	kr. 39.113

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallin kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 8. gr. samþykktar um kattarhald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009

5. gr.

Gjalddagar skv. ofanskráðu er tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar eru 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra- leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 2. gr. gjaldskrár þessarar.

7. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað:

a) Verð pr. sólarhring fyrir dýr kr. 3.457

Auk þess skal greiða áfallin kostnað vegna dýrafæðis.

Dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu dvalar-, geymslu og fæðiskostnaðar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber annars vegar samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013 og hins vegar samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 587/2009, til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1645/2024.